

Mánudaginn 9. septembermán.

Nr. 44/1889

Rjettvísinn

gegn

Friðriki Friðrikssyni Schram
og Jóni Theodór Þorkelssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Skagafjarðarsýslu, uppkveðnum 1. aprílmán. p. á., voru hinir ákærðu, Friðrik Friðriksson Schram og Jón Theodór Þorkelsson, dæmdir fyrir þjófnað, hinn fyrnefndi í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð og hinn síðarnefndi í sömu refsingu í 3×5 daga. Svo voru hinir ákærðu og in solidum dæmdir til þess að greiða iðgjöld til kaupmanns V. Claessens, 9 kr. 23 a., og allan löglegan kostnað málsins, þar á meðal 8 kr. í varnarlaun til svaramanns hinna ákærðu í hjerði. Dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins, að því er Friðrik Schram snertir eptir hans eigin beiðni, en af hálfu hins opinbera að því er báða hina ákærðu snertir.

Með játningu hinna ákærðu og öðrum skýrslum í málinu er það sannað, að þeir hafi um gangnaleytið í fyrra haust, 1888, tekið upp á því að fara í kjallara undir verzlunarhúsi Claessens kaupmanns á Sauðárkróki til að stela kolum handa Friðrik, sem var kolalaus. Það var Friðrik, sem upphaflega fjekk Jón til þessa, en Jón, sem var vinnumaður Claessens kaupmanns, hafði lykilinn að húsinu. Síðan fóru þeir báðir saman fleirsinnis í kjallarann, og stálu úr honum bæði kolum og steinolíu, er Friðrik tók við og hagnýtti sjer, enda lagði hann til í hvert skipti poka undir kolin og flöskur undir steinolíuna. Það hefur eigi orðið sannað,

hversu mikið af kolum og steinolíu þeir hafi þannig tekið úr kjallaranum, en eftir viðurkenningu þeirra sjálfra hefur það að minnsta kosti numið $\frac{1}{4}$ tunnu af kolum og 6 pottum af steinolíu. Sömuleiðis hefur Friðrik játað, að hann hafi um sama leyti fengið hjá Jóni 1 pd. af rjóli, 1 skeppu af korni, um 3 pd. af hvítasykri og eitthvað nokkuð af brennivíni, sem hann hafi lagt tómar flöskur undir, og hafi sjer verið kunnugt um, að Jón hafi stolið öllu þessu frá húsbónda sínum. Loksins hefur Friðrik skýrt frá, að hann hafi fengið 2 kr. 75 a. hjá Jóni, án þess að hann hafi haft vitneskju um, að Jón hafi stolið þeim, en Jón hefur neitað, að hann hafi látið Friðrik fá meira en 2 kr. í peningum.

Hinn ákærði Jón Þorkelsson hefur kannast við það, að hann hafi stolið frammannefndum munum frá húsbónda sínum, sumpart einn, sumpart í samverki við Friðrik Schram, og að hann hafi látið Friðrik fá þýfið. Auk þess hefur hann kannast við, að hann í fyrra haust hafi stolið frá húsbónda sínum Claessen, eingöngu fyrir sjálfan sig, ýmsum varningi úr verzlunarbúðinni, svo sem um 13 pd. af tóbaki, pappír, 5 pd. af ýmislega litum tvist, 14 ál. af hvítu ljerepti, 2 dósir penna, 2 dósir tölur, sáputykki, tommustokk, 1 pt. brennivín, 2—3 pd. tvíbökur, 3 pd. sykur, 7 tvinnakefli, stívelsi, höfuðkamb, vestisspennur, kantabönd, og 10 krónum auk áðurnefndra 2 króna. Þessar vörur lokaði hann niður í koffort sitt, og þar fundust þær að mestu leyti síðar, er þjófnaðurinn varð uppvís. Allt hið stolna hefur auk peninganna, 12 króna, verið talið um 69 kr. virði, en því hefur mestmegnis verið skilað aptur eiganandanum; endurgjalds hefur að eins verið krafizt fyrir

kolin og steinolíuna og smávegis fleira, og er það metið 9 kr. 23 a.

Báðir hinir ákærðu eru komnir yfir lögaldur saka-
manna, og hafa eigi áður sætt ákæru eða dómi fyrir
neinn glæp. Afbrot Friðriks Friðrikssonar heyrir undir
230. gr., sbr. 48. gr. og 240. gr. hegningarlaganna, og
þykir refsingin fyrir hann hæfilega ákveðin af undir-
dómaranum 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð.
Afbrot Jóns Þorkelssonar heyrir undir 230. gr., sbr.
48. gr. hegningarlaganna, og þykir refsingin fyrir hann,
með hliðsjón af 58. gr. hegningarlaganna, hæfilega á-
kveðin 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Með
því að yfirdómurinn fellst á ákvæði hjeradsdómsins um
iðgjöld og málskostnað, ber því að staðfesta hann með
þessari breytingu að því er refsinguna snertir. Hinir
ákærðu eiga og að greiða allan kostnað af áfrýjun máls-
ins, þar á meðal málflytningslaun til sækjanda og verj-
anda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjerði og málsfærslan fyrir yfir-
dómi hefur verið lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Jón Þorkelsson sæti 4×5 daga
fangelsi við vatn og brauð. Að öðru leyti á auka-
rjettardómurinn að vera óraskaður. Hinir ákærðu
greiði in solidum allan kostnað af áfrýjun málsins,
þar með talin málflytningslaun til sækjanda og
verjanda fyrir yfirdómi, málflytningmannanna
Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr.
til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Nr. 47/1889

Rjettvísín
gegn
Jóni Ögmundssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Reykjavíkur, gengnum 23. júlí p. á., var hinn ákærði, Jón Ögmundsson, dæmdur fyrir skjalafalsanir, samkvæmt 270. gr. hegningarlagna, samanborinni við 65. grein, og með hliðsjón af 59. gr. þeirra, í 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að greiða allan af málinu gegu honum leiðandi kostnað, þar með talinn varðhaldskostnað hans og málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda í hjerði, 4 krónur. En dómi þessum hefur hlutaðeigandi amtmaður áfrýjað fyrir hönd rjettvísinnar til yfirdómsins.

Það er löglega sannað með eigin játningu hins ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur, sem fram eru komnar í málinu, að ákærði hefur á tímabilinu frá 15. marz til 12. maí f. á., þegar hann var við sjóróðra í Gullbringusýslu, skrifað 9 falsaðar ávísanir upp á verzlunir í Keflavík og ennfremur 1 ávísun 6. júlí f. á. uppá verzlun í Reykjavík, og sett undir ávísanirnar nöfn ýmsra bænda. Tók ákærði síðan út á ávísanirnar eptir hljóðan þeirra, en varði peningum þeim, er hann fjekk út á þær, mestmegnis til munaðarvörukaupa. Ávísanir þær, er ákærði þannig falsaði, voru þessar: 1., dags. 12. maí f. á., undir nafni Hákonar Eyjólfssonar í Stafnesi til Duus verzlunar í Keflavík, uppá 50